

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Norðurþingi.

Norðurhöfn og miðhafnarsvæði á Húsavík, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 7. desember 2021 breytingu á annars vegar deiliskipulagi norðurhafnar og hins vegar miðhafnarsvæðis á Húsavík. Breyting á deiliskipulagi norðurhafnar felur í sér að deiliskipulagssvæðið minnkar. Lóðir og viðlegukantur á Naustagarði og lóð slíppsins (H3) falla út. Einnig breytast skipulagsmörk líttillega á norðanverðu svæðinu. Breyting á deiliskipulagi miðhafnarsvæðis felur í sér stækkun á skipulagssvæðinu um lóðir og viðlegukant Naustagarðs og slíppsins H3, sem áður tilheyrði deiliskipulagi norðurhafnar. Breytt deiliskipulag heimilar tengibyggingu milli húsa að Hafnarstétt 1 og 3 sem lokar á umferð milli húsanna. Í stað þeirrar leiðar er kvðð um nýja umferðarleið á milli Hafnarstéttar 3 og 5. Að auki felur deiliskipulagsbreytingin í sér nokkrar minniháttar breytingar og leiðréttingar fyrra skipulags.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 11. janúar 2022.

Gaukur Hjartarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 25. janúar 2022